

Bölti ehf.
Sigurður Þ. Jakobsson
Lyngheiði 23
810 Hveragerði

Reykjavík, 11. janúar 2012

Tilvísun: 2010010090 /

Efni: Matsáætlun - Efnistaka í Hvammsnámu, í landi Hvamms í Ölfusi - ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Bölti ehf. að Matsáætlun - Efnistaka í Hvammsnámu, í landi Hvamms, Sveitarfélaginu Ölfusi.

Bölti ehf. sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 1. desember 2011 ásamt tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Sveitarfélagið Ölfus, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Umhverfisstofnun og Vegagerðin. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Sveitarfélagið Ölfus með bréfi dags. 30. desember 2011, Fornleifavernd ríkisins, með bréfi dags. 19. desember 2011 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands með bréfi dags. 13. desember 2011, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 9. desember 2011 og Vegagerðin með bréfi dags. 27. desember 2011. Skipulagsstofnun bárust einnig svör frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 4. janúar 2012.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Bölti ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem Bölti ehf. setti fram í bréfi dags. 4. janúar 2012 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd og starfsemi. Í kafla 3.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um framkvæmdina. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram hvaða kostir eru í vinnslu námunnar svo sem hvort mögulegt er að vinna efni á tilteknum árstíma eða í áföngum m.t.t. athugasemda frá eiganda graðyrkjústöðvarinnar Náthaga og ábúanda þar, varðandi hljóðvist.

Í kafla 3.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um efnistökusvæðin. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram umfjöllun um ábendingu Vegagerðarinnar um að flái niður í námuna, þar sem hún liggur að Hvammsvegi, verði ekki meiri en 1:2 utan veghelgunarsvæðisins sem er 15 m frá miðlínu vegar. Æskilegt er að sýna á sniðmyndum landhalla innan veghelgunarsvæðisins og fyrirhugaðan fláa niður í námuna.

Skipulag og leyfi. Í kafla 5 í tillögu að matsáætlun er fjallað um skipulag. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram samræmi framkvæmdarinnar við gildandi skipulag svo og staða breytingar á skipulagi eftir því sem við á.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum. Í kafla 4.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um hljóðvist. Í ljósi athugasemda frá eiganda graðyrkjustöðvarinnar Náttuga og ábúanda þar, þarf að fjalla ítarlega um mótvægisáðgerðir til þess að draga úr hávaða frá vinnslu í námunni og gera skýra grein fyrir þeim.

Í kafla 4.8 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fornleifar. Í frummatsskýrslu þarf eftir atvikum að koma fram niðurstaða mats á áhrifum framkvæmdarinnar á fornleifar í nágrenni hennar. Sýna þarf staðsetningu fornleifa á loftmynd og fjalla um mótvægisáðgerðir sem gerðar verða vegna fornleifa er kunna að verða í hættu vegna framkvæmdarinnar.

Í kafla 4.9 í tillögu að matsáætlun er fjallað um samfélagsleg áhrif og þar á meðal umferð. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram umfjöllun um hugsanleg áhrif efnisvinnslunnar á umferðaröryggi, tímabundin og langtíma, á Hvammsvegi í framhaldi af ábendingu Vegagerðarinnar um að flái niður í námuna megi ekki verða meiri en 1:2 utan veghelgunarsvæðisins, sem er 15 m frá miðlínu vegar.

Þóroddur F. Þóroddsson

Rut Kristinsdóttir

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Sveitarfélagið Ölfus, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Umhverfisstofnun og Vegagerðin.

Skipulags
stofnun